

## Fjórði fundur Umhverfisnefndar 2013-2014 haldinn 22. janúar klukkan 9:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: *Amelía Íris, Ásgeir Örn, Vilhelm Logi, Ásgeir Marinó, Sverrir Máni, Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri, Þórgunnur María starfsmaður. Engin fulltrúi mætti frá foreldrum.*

Þórunn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp.

Í upphafi fundar ræddum við hvað við höfum verið að gera frá síðasta fundi.

- Við útbjuggum jólagjafir til foreldranna og pökkuðum þeim inní barnasíður Morgunblaðsins.
- Við bjuggum til jólaskraut og hengdum á jólatréð fyrir utan félagsheimilið.
- Við höfum farið og tekið jólaskrautið niður.
- Við höfum ekki þurft að gefa smáfuglunum mikið í vetur þar sem veðrið hefur verið óvenju gott. Munum hafa það í huga ef það kólnar.

Framundan er dagur leikskólans. Fyrir hann ætlum við að útbúa myndir og setja upp myndlistarsýningu. Allir sammála um að leita til forstöðumanns íþróttamiðstöðvarinnar og fá leyfi til að setja upp sýningu þar. Að sjálfsögðu munum við nota endurvinnanlegt efni sem mest.

Þema myndlistarsýningarinnar verður ***Sveitin mín Skaftárhreppur.***

Það sem börnin langar að búa til til að hafa á sýningunni eru fuglar, fiskar, kindur, hestar, kýr og allt sem fyrirfinnst hér í sveitinni.

Fram kom fyrirspurn um það frá einum leikskólanemenda um á hvaða vinnustað við ætluðum að fara næst. Við ræddum það og niðurstaðan varð sú, vegna þess að flesta langaði, að fá að fara og skoða stóra skólann. Elstu börnin í umhverfisnefndinni eru farin að fara vikulega í grunnskólann og höfðu þau mikinn áhuga á að sýna okkur stofnuna sína. Við ræddum um að leita að sögum sem segðu okkur frá nunnunum sem bjuggu hér á Klaustri í gamla daga.

Þá ræddum við hlaupið sem kom í Skaftá 19. Janúar. Ákveðið að fara og taka vatnssýni úr ánni og bera það saman við kranavatnið og vatn úr Fossánni.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.

Við ætlum að huga að smáfuglunum og gefa þeim í vetur. Hugmynd að steypa fuglafóðri í feiti og hengja út í tré.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið.